

Garðabær 26.8.2019

Berist til: Bæjarráðs Garðabæjar

B.t, Guðjón Erling Friðriksson, Bæjarritari

Varðandi: Fyrirhugað Villibráðakvöld Körfuknattleiksdeildar Stjörnunnar 9. Nóvember 2019 í Ásgarði.

Undafarin tvö ár hefur Körfuknattleiksdeild Stjörnunnar staðið fyrir skemmtikvöldi í andyrinu í Ásgarði sem ber heitið Villibráðakvöld Stjörnunnar. Kvöldið snýst um mjög vandaðan mat frá Mathúsi Garðabæjar og Kjötkompaníinu og létt skemmtiatriði. Viðburðurinn hefur heppnast mjög vel og uppselt hefur verið í bæði skiptin. Þetta kvöld er jafnframt orðið mikilvægasta einstaka fjáröflun deildarinnar.

Til þess að halda svona kvöld þarf auðvitað marga sjálfbóðaliða og má reikna með að allt að 40 manns komi að skipulagningu og vinnu á kvöldinu sjálfu. Það hentar svona kvöldi mjög vel að byrja snemma, þar sem veitingamenn og þá sérstaklega listamenn stíga á stökk hjá okkur í fyrra fallinu því kvöldinu lýkur upp úr miðnætti. Vegna þess hve seint hefur verið hægt að klára uppsetningu á matnum hefur fólk enn verið í matarröðinni þegar listamenn byrja kvöldið og á litlum viðburði eins og þessum hefur það skiljanlega mikil áhrif á upplifun gesta.

Við reynum eftir fremsta megni að setja viðburðinn upp án þess að hann hafi of mikil áhrif á gesti Ásgarðs en það er þó óhjákvæmilegt þegar uppsetning á hlaðborðinu þarf að byrja kl. 16 til þess að þetta náist áður en húsið opnar fyrir gestum. Það að setja upp matarborð er alltaf viðkvæmt og undanfarin tvö ár hefur þurft að manna vakt við matinn til að halda forvitnum sundlaugagestum frá því að fá sér að smakka af borðinu því matur á borði hljóti að vera ókeypis og fyrir alla. En þegar sundlaugin lokar kl. 18 eru síðustu sundlaugagestir að fara út úr húsi um svipað leyti og fyrstu matargestir eru að koma í hús. Allt þetta hefur mikil áhrif á lokauppsetningu matarins.

Eins og gefur að skilja þá rekst opnunartími sundlaugarinnar á við kvöldið, hamlar uppsetningu og seinkar kvöldinu sem hentar afskaplega illa og því er farið þess á leit við bæjarráð að loka sundlauginni þennan eina dag laugardaginn 9. nóvember kl. 16.





Körfuknattleiksdeilin hefur hingað til fengið öll tilskilin leyfi frá Garðabæ og Slökkvuliðinu, til að halda þetta glæsilega en jafnframt fjárhagslega mikilvæga kvöld og því myndi þessi ósk okkar um lokun gera kvöldið betra að öllu leyti.

Með von um jákvæðar undirtektir

Fyrir hönd Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

framkvæmdastjóri

ásamt:

Hilmar Júlíusson – Formaður KKD Stjörnunnar. hilmar@abfish.is

Hörður Harðarson - Villibráðarnefnd KKD. Stjörnunnar. 8204411. hardarson@gmail.com

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

